

# Helstu áherslur heimastjórnar Patreksfjarðar í fjárhagsáætlun 2027-2030

## Umhverfi

- Áhersla á lagfæringar og fegrun þorpsins, farið verði í átakswerkefni með íbúum til að hvetja til bættrar umgengni um þorpið. Veita mætti verðlaun fyrir best hirtu lóðina. Jafnframt verði skoðað hvort sveitarfélagið geti hvatt íbúa til framkvæmda í sínu nærumhverfi með því að útvega efni til framkvæmda þegar við á.
- Áhersla á að betri lokafrágangur verði í kringum ofanflóðaframkvæmdir við Mýrar, Hóla og Urðargötu og þeir göngustígar verði hluti af göngustígakerfi þorpsins. Einnig verði áfram lögð áhersla á frágang og fegrun svæða við varnargarða og ofanflóðavarnir.
- Áhersla á að lokið verði við uppbyggingu göngustíga og merkingar þeirra og leiðbeiningar um notkun hreyfisvæða.
- Viðhaldi verði sinnt á göngustígum t.d. frá Urðargötu niður á Bjarkargötu, frá Sigtúni niður á Hjalla og frá Hjöllum niður á Brunna.
- Svæði milli varnargarða á Mýrum og Urðargötu verði tekið til sérstakrar skoðunar og fengnar hugmyndir að nýtingarmöguleikum yfir sumartímann.
- Átak verði gert í frágangi og fegrun svæða á vegum sveitarfélagsins á Patreksfirði, m.a. verði með reglulegri hætti fjarlægðar ónúmeraðar bifreiðar, tryggður jafnari sláttur yfir sumartímann og ljúka frágangi vegna framkvæmda.
- Mótuð verði framtíðarsýn um viðhald garða og opinna svæða í þorpinu.
- Lokið verði við frágang á lóð í kringum Vatneyrabúð.
- Fjölga blómakerjum og sumarblómum í þorpinu.
- Auka samstarf við skógræktarfélag Patreksfjarðar í gróðursetningu trjáa í þorpinu.

## Íþróttar- og tómstundastarf

- Laga lýsingu á spark- og fótboltavelli Vatneyrar.
- Unnið verði að áframhaldandi viðhaldi Félagsheimilis Patreksfjarðar.
- Áhersla á að bæta aðstöðu og búnað í félagsmiðstöðinni Vest-end.
- Tjaldsvæðið á Patreksfirði verði áfram þróað með gróðursetningu skjólmyndandi gróðurs og afmörkun svæðisins með girðingu þar sem við á.

- Staða fyrirhugaðs leiksvæðis milli Aðalstræti 116 og 120 verði skýrð og framkvæmdum hraðað ef verkefnið er ekki hafið.
- Stuðningur verði veittur til uppbyggingar æfingasvæðis fyrir mótorsport í Mikladal í samráði við áhugasama.

## Patrekshöfn

- Áhersla á að hafnarsjóður hafi fjármagn á móti framlögum hafnarbótasjóðs til framkvæmda við stórskipakant á Patrekshöfn samkvæmt samgönguáætlun.
- Ítrekað verði við fyrirtæki á hafnarsvæði að halda snyrtilegu í kringum starfsemi sína.
- Mótuð verði framtíðarsýn fyrir Straumnes varðandi niðurrif eða uppbyggingu á lóðinni.
- Áhersla á bætta umgengni á hafnarsvæði Patrekshafnar og að hafnarsjóður hafi nægar heimildir til að innheimta gjald af þeim sem nýta hafnarsvæðið til lengri eða skemmri tíma.

## Gatnagerð og gangbrautir

- Klára að setja upp umferðarljós við Björgin sem allra fyrst til að tryggja öryggi skólabarna.
- Áhersla á að fjölga enn frekar steiptum gangstéttum með tilliti til umferðaröryggis á Patreksfirði
- Fundin verði örugg lausn, t.d. göngubrú, fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli Hjalla og Hlíðarvegar þar sem leiðin er mikið notuð af börnum á leið til og frá skóla.
- Skipt verði um tröppur milli Brunna og Bala þar sem þær geta verið hættulegar í bleytu.
- Malbik verði sett á Strandgötu við leikskólann Araklett og skoðaðir möguleikar á breikkun götunnar þar sem umferð gangandi og akandi vegfarenda hefur aukist verulega.
- Áfram verði unnið að malbikun gatna á Patreksfirði og tryggt fjármagn til verkefnisins ásamt því að farið verði með markvissum hætti í þær götur og svæði þar sem liggur fyrir að veitulagnir eru orðnar lélegar.
- Nauðsynlegt er að setja upp lýsingu á Oddagötu milli Þórsgötu og Eyrargötu.
- Bæta öryggi akandi og gangandi í kringum Fiskmarkaðinn, bæta lýsingu og loka svæðum þegar vinna fer fram.
- Tryggt verði fjármagn í veitukerfi á Patreksfirði svo draga megi enn frekar úr þeim tilvikum þar sem loka þarf fyrir vatn í þorpinu.
- Lagaðar verði sprungur í götu við Sigtún þar sem hitalögn liggur undir, í samráði við OV.
- Brunnur við Sigtún 12 verði færður eða lagfærður þannig að hann hamli ekki gangandi vegfarendum.

- Áhersla verði á LED-væðingu þorpsins og bætt götulýsing frá Aðalstræti og niður á höfn, meðfram gámasvæði.

## Skipulags- og framkvæmdamál

- Skoðuð verði uppfylling milli Ásgarðs og Safnaðarheimilis til að mögulega breikka götu og leggja gangstétt. Einnig að kláraður sé göngustígur frá Arakletti upp á Aðalstræti og nýtt vegrið sett við götuna.
- Bæta lýsingu í sjúkrahúsbrekku til að auka öryggi skólabarna
- Áfram verði unnið að uppbyggingu og frágangi Stekka og tekin afstaða til framtíðarfyrirkomulags hvort gatan eigi að vera opin við sjúkrahúsið eða ekki.
- Kannaðir verði möguleikar á að klæða eða lagfæra steypufleti við Bröttuhlíð.
- Þakrennur á áhaldahúsi verði endurnýjaðar eða lagfærðar eftir þörfum.
- Vegur að gamla ruslasvæðinu verði lagfærður en svæðið er nú meðal annars notað sem æfingasvæði slökkviliðs.
- Anddyri Skjaldborgarbíós verði endurbætt utanhúss með málningu eða klæðningu.
- Framkvæmdaraðilum verði gert að ljúka frágangi og lagfæringu á framkvæmdasvæðum sínum.

## Skólar

- Tryggð verði framlög til að áframhaldandi framkvæmda á skólalóð og byggingum Patreksskóla.
- Klára frágang framan við leikskólann Araklett.

## Stafræn þróun og þjónusta

- Áhersla verði lögð á að efla stafræna þjónustu sveitarfélagsins og bæta upplýsingaflæði til íbúa.
- Kannaðir verði möguleikar á þróun íbúaapps fyrir Vesturbyggð sem sameini fréttir, viðburði, tilkynningar, sorpmál, ábendingakerfi og aðra þjónustu sveitarfélagsins á einum stað. Lögð verði áhersla á að íbúar geti fengið mikilvægar tilkynningar beint í síma um veðurviðvaranir, lokanir gatna, vatnsskerðingar og aðrar samfélagsupplýsingar.